# Viljinn

Lestrarfélagsblað
í Miklabæjarsókn.

## Bæjaröð „Viljans“.

| | Kom | Fór |
|---|---|---|
| Djúpidalur | 29. | 31. |
| Litlidalur | 31. | 1. |
| Akrar | 1. | 2. |
| Höskuldsstaðir | 2 | 3 |
| Miðhús | 3 | 4 |
| Þorleifsstaðir | 5 | 7 |
| Vaglar | | |
| Hrólfsstaðir | 7. | 8. |
| Miklibær | 8 | 10 |
| Víðivellir | 10 | 11 |
| Hella | | |
| Miðsitja | 12 | 13 |
| Sólheimar | 13 | 16 |
| Úlfsstaðir | | |

Félagsmenn eru áminntir um að láta „Viljann“ ganga greiðlega.

Ritstjórinn.

# Viljinn.

Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn.

| 15. ár. | Á Jóladag 1.9.2.4. | 2. blað |
|---|---|---|

## Síra Björn próf. Jónsson.

### - Minningarorð -

Það hefir þótt rétt og maklegt, að „Viljinn“ flytti nokkur minningarorð um síra Björn próf. Jónsson frá Miklabæ. Hefir verið litið svo á, að best væri, að þau kæmu hér í blaðinu, frá sóknarbörnum hans. Þetta blað Viljans verður helgað minningu hans að öllu leyti og er ætlast til, að blaðið hefji göngu sína á jólunum — ljósa-hátíðinni. Því það er bjart yfir minningu hans, og

hann sjálfur var ljóssins barn.

—

Síra Björn flutti að Miklabæ frá Bergsstöðum í Svartárdal árið 1889. Kom sjálfur að Miklabæ á afmæli sínu 15. Júlí, þá 31. árs. Kom aftur 15. Júlí að Miklabæ 1919 — þrjátíu árum síðar sunnan úr Reykjavík — þá blindur. Varð að leggja niður prestskap. Prófastur var hann um allmörg ár, hin síðustu.

Hann dó á heimili sínu Sólheimum, sunnudaginn 3. febr þ.á. kl. 5,40". Var grafinn í Miklabæjarkirkjugarði þriðjudaginn 19. s. mán. Mun sú jarðarför vera hin tilkomumesta, sem hér hefir farið fram í Miklabæjarprestakalli. Mannfjöldi mikill, og útförin til mestu sæmdar, sérstaklega ekkju og börnum hins látna, en líka yfirleitt öllum, sem tóku þátt í jarðarförinni. Hann bar órækt vitni, daginn sá, um óblandaða og innilegustu hluttekningu



allra viðstaddra. Enda voru menn að kveðja bjartsýnan, kærleiksríkan og trúarsterkan prest og mann. — Sjö prestar voru viðstaddir: próf. sr. Hálfdan Guðjónsson á Sauðárkróki, sr. Guðbrandur Björnsson Viðvík, sr. Lárus Arnórsson Miklabæ, sr. Tryggvi Kvaran Mælifelli, sr. Hallgr. Thorlacius Glaumbæ, sr. Sigfús Jónsson Sauðárkróki og sr. Arnór Árnason, Hvammi.

Prófasturinn, sr. Sigfús, sr. Lárus og sr. Arnór héldu ræður. Mátti segja að hver ræðan væri annari betri — Bændakór Skagfirðinga söng við jarðarförina.

Auk veitinga á undan athöfninni á heimili hins látna, var aðalminningin á hinu rausnarlega og góðkunna heimili Víðivöllum er fór fram með sæmd og prýði. Má með réttu segja, að yfir þessum jarðarfarar degi væri bjart útsýni yfir líf og dauða.

Síra Björns verður hér minst, sem prests, heimilisföður, borgaralegs félagsmanns og sem heiðursfélaga.

Skal eg hér staðar nema að sinni, og læt aðra hafa orðið.

Baldv. B. Bárðdal.



# I.
# Presturinn.

Síðastliðinn vetur átti þessi sveit að sjá á bak einum af sínum besta stuðningsmanni, skörungi og leiðtoga, jafnt í andlegum og veraldlegum málum, prófastinum síra Birni Jónssyni á Miklabæ. Hann kom hingað vorið 1889, og hafði þá skamma stund verið prestur að Bergsstöðum í Svartárdal. Hér var hann síðan prestur yfir 30 ár, þar til hann varð að segja því af sér sökum sjónleysis, og allan þann tíma sótti hann aldrei í burtu héðan, enda hygg eg að margur mundi hafa séð þar skarð fyrir skildi, hefði hann farið. Þannig var sambúðin milli safnaðanna og síra Björns.

Áður en sr. Björn kom hingað höfðu hinir á síðustu prestar þjónað hér, síðast þeir sr. Jakob og sr. Einar, svo nokkuð mun mönnum

hafa þótt vandfylt þeirra sæti. Séra Birni var því töluverður vandi á höndum, er hann settist hér að sínu embætti. En aldrei heyrði eg neitt af hinu eldra fólki minnast annars, en að hann hafi fyllilega skipað sæti þeirra, hvað vinsældir og kennimensku snertir.

Þegar sr. Björn kom hingað var trúarlíf mikklu heitara, en nú er og það var ekki fyr en á hans allra síðustu árum, að það los komst á trúarskoðanir manna, sem nú virðist að komast sér í algleyming. Nú kenna sumir prestar gamalguðfræði, aðrir nýguðfræði, þriðju guðspeki, fjórðu spiritisma og fimtu sambland af öllu þessu, þá fer svo að lokum, að enginn veit hverju trúa skal og alt lendir í trúleysi — hjá fjöldanum — Menn hér voru aldir upp við gamal guðfræði og þeir heyrðu ekki öðru hreyft af stólnum og vildu ekki annað heyra, en kirkjur sínar sóttu þeir þá, langt um betur



en nú gerist; þeim fanst það hreint og beint misbrúkun á sunnudeginum, ef ekki var farið til kirkju. Mér er í minni fyrsta skifti þegar eg fór til kirkju. Við vorum mörg saman í hóp úr Akratorfunni og þegar við komum upp á þjóðveginn, stönsuðu allir. Karlmennirnir tóku ofan og allir gerðu bæn sína og buðu að því loknu hver öðrum „góðar stundir". Með slíkum hug fóru menn á stað til kirkju sinnar, í þá daga, og til sra. Björns sóttu þeir á-reiðanlega það, sem þeir þörfnuðust til viðhalds og eflingar trú sinni. En menn sóttu fleira en guðsorðið að Miklabæ. Á eftir messunni var að jafnaði nokkurskonar málfundur meðan setið var yfir hinum rausnarlegu veitingum þeirra hjóna, þar voru rædd stjórnmál og sveitamál og mun margt, sem hefir orðið þessari sveit til framfara, einmitt hafa átt upptök sín þar. Það má því óhætt segja, að á þeim

árum hafi sra Björn gert heimili sitt að nokkurskonar menningarmiðstöð sveitarinnar.

Eitt meðal annars, sem mun hafa átt þátt í vinsældum sra Björns sem prests og þeim góðu áhrifum hans á safnaðarmenn sína, voru húsvitjunarferðir hans. Á hverjum einasta vetri fór hann heim á hvert einasta heimili í sóknum sínum, ekki beinlínis til að hripa upp manntalið, heldur til að fræða og leiðbeina. Og einmitt á þeim ferðum báru menn upp vandamál sín fyrir honum, sem þeir treystu best til leysa úr svo vel færi og þá mun hann hafa sáð mörgum þeim frækornum, sem seinna báru ávöxt, þar gat hann komið mörgu að, sem hann fór ekki með í prédikunarstólinn. Mér fannst heimilisfólkið nærri því hlakka til, er það átti von á honum í slíkum ferðum, og ekki hefði það heimili verið öfundað, ef hann hefði sneitt fram hjá.



Ekki er vafi á að þessar ferðir hafi átt sinn þátt í því, að auka kirkjurækni safnaðanna. Hann varð ástsælli og um leið áhrifameiri fyrir þær.

Fyrsta húsvitjunarferð hans, sem ég man eftir á heimili mínu er mér minnisstæð. Ég sat að segja sárkveið fyrir henni allan veturinn, enda var það, sem mest herti á mér við lesturinn, þegar fólkið sagði við mig: „Nú fer presturinn að koma í húsvitjunina og þú ert varla farinn að stauta enn þá". – Og hann kom meint þegar verst stóð á fyrir mér. Það höfðu gengið hríðar með mestu fannkomu og menn voru farnir að tala um að nú væri orðið víða jarðlaust. Þetta þótti okkur Torfudrengjum harla illt, fyrst og fremst af því að við gátum ekkert verið úti og var því haldið þeim mun fastara að við náminu og í öðru lagi af því að við átt-

um öll okkar horn og byggi úti undir snjónum. Við hefðum því orðið fyrir allmiklu tjóni, ef þessu hefði haldið lengi, en til allrar hamingju fór að hlána, fyrst hægt og hægt, en síðan með asahláku. Strax þegar færi var förum við nafni minn á Höskuldsstöðum að „draga fé úr fönn". Við grófum og grófum og varð vel ágengt, þangað til okkur kom saman um að við skyldum fara heim og fá okkur eitthvað að borða. Síðan ætluðum við að byrja strax aftur. Ég labbaði á stað heim, með hornin í poka á bakinu, rennandi blautur og ískaldur. Þegar ég kom utan hlaðið komu þeir sunnan að bæjardyrunum séra Björn og pabbi minn. Mér varð svo ilt við er ég sá prestinn, að ég misti pokann. Hér var ekkert undanfæri. Ég gat einusinni ekki skotist undan, til þess að hann sæi ekki hvernig ég væri útleikinn. Hann heilsaði mér brosandi — hefir líklega séð, hversu ég var



vandræðalegur — og sagði að sér þætti vænt um að sjá að ég lægi ekki inni í leti og ómensku. (Það þótti mér þó skárra), og nú væri hann kominn til að finna mig (ég svo sem gekk ekki að því gruflandi), og nú skyldi ég flýta mér úr bleytunni og lofa sér svo að heyra hvað ég læsi vel. nú orðið vel. (já, þar kom það) — Ég gerði nú þetta alt saman. Hann lét mig setjast hjá sér og tók bók ofan af hillu. (Til allrar lukku var það sú bókin, sem ég las oftast í), og lét mig lesa söguna af „ánægða drengnum", sem sá uppgefna á í rekstri. Hún var orðin svo lúin að hún komst ekki lengra, þá hljóp drengurinn til og fylti hattinn sinn með vatni og gaf ánni. Við þetta hrestist hún svo vel, að hún gat fylgt rekstrinum úr því, en pilturinn var hinn ánægðasti. Prestur spurði mig síðan út úr sögunni og mundi ég hana vel, því ég hafði marglesið hana. Síðan talaði hann lengi um það, við

mig, hvað drengurinn hefði verið góður, og hvað þetta hefði eiginlega verið mikið góðverk þó skynlaus skepna ætti í hlut, og endaði mál sitt með þessum orðum: „Mundu, að það eru sönnustu góðverkin, sem gerð eru með þeim hug, sem einskis endurgjalds væntir. Það eru þau, sem mesta náð munu finna fyrir augliti Guðs, vegna þess að þau eru kærleiksverk, og Guð er kærleikur." Hann talaði lengi eftir þetta og það var áreiðanlegt að eg kveið ekki fyrir næstu húsvitjun.

Eitt, sem séra Björn lagði mikla áherslu á, alla sína embættistíð var uppfræðsla æskulýðsins í kristnum fræðum. Á jólunum var hann vanur að kalla börn þau, sem komu til kirkjunnar upp að gráturunum, áður en útgöngusálmur var sunginn og kunngerði þeim fagnaðarboðskap jólahátíðarinnar – á þeirra vísu. Hvað mér hefir alltaf fundist það fallegur siður og



saknað þess síðan, því jólin hafa alltaf verið og munu verða fyrst og fremst hátíð barnanna. Okkur krökkunum þótti svo vænt um, að hann skyldi gera þetta fyrir okkur þó við værum einurðarlítil í fyrstu. Við fundum þarna að við áttum erindi til kirkjunnar eins og fullorðna fólkið. Strax úr nýári var hann vanur að byrja á að spyrja börnin og spurði þau síðan á hverjum messudegi fram á vor. Fermingarbörn lét hann ganga til sín viku áður en þau voru fermd, og uppfræddi þau af hinni mestu alúð. Sérstaklega er mér minnisstætt hversu hann lagði mikla áherslu á kærleikann og gat komið því víða að – kærleikanum til Guðs og manna.

Séra Björn var einkarvandvirkur á ræður sínar og hafði sérstaklega gott mál á þeim, enda voru margar ræður hans ágætar, bæði stólræður og tækifærisræður. Mátti helst að þeim finna á efri árum hans, að framburður á þeim væri ekki góður, og

mun sjónleysi hans hafa valdið því. Alltaf mun hann hafa verið talinn einn af betri kennimönn-um þessa héraðs og er prófastsdæmið losnaði, var hann skipaður prófastur yfir Skagafj. sýslu og og gegndi hann því með jafnmikilli trúmensku, sem prestsembætti sínu, uns hann varð að segja því af sér vegna heilsubilunar. Þó sra Björn væri af hinum eldri skóla, var ekki hægt um hann að segja, að hann væri afturhaldssamur í skoðunum sínum á trúmálum. Hann fylgdist ágætlega með í þeim efnum og mun hafa hneigst að sumum hinum nýrri stefnum, þó þess gætti ekki að mun í ræðum hans.

„Mörgum guðfræði, verður glapræði" kvað sr. Matthías, og það hefir löngum verið sagt um þá sem velja sér prestsstöðuna, að þar séu „margir kallaðir, en fáir útvaldir". Flestir sem eigi sér annars úrkosta velji sér heldur lög, læknisfræði eða leggi þá stund á önnur vísindi. Til prestsembættisins



sé skemst nám og auðveldari próf og því hafi marg-ir efnalitlir neyðst til að snúa inn á þá braut og hafi svo lent á rangri hillu. Eg hefi heyrt suma halda því fram að þó maðurinn dygði ekki til neins embættis, þá gæti hann þó verið prestur. Væri þetta algild regla, væri slíkt næsta óheppilegt, því prestsembættið eða kennimenskan er áreiðanlega langþýðingarmesta staðan í hverju ~~mann~~þjóðfélagi, af þeirri einföldu ástæðu að hið andlega á að setjast langt um ofar hinu veraldlega. Það er því ekki sama hver boðar fagnaðarerindið, eða hvern-ig það er gert. Prestarnir eru þeir sem innilegast-an þátt eiga að taka í kjörum fólksins. Það eru þeir, sem eiga að hryggjast með hryggum og gleðjast með glöðum. Til þeirra eiga allir að geta leitað með fullu trausti, borið upp fyrir þeim vandkvæði sín, og farið aftur af þeirra fundi með hjartað fult af von og trausti. Og umfram alt verður prestur-inn að vera þannig í framferði sínu, að söfn-

~~udum~~

uðurinn geti borið virðingu fyrir honum. Hann verður @ sjá hjá honum fyrirmyndina ~~fyrir~~ að þeirri breytni, sem hann heimtar af öðrum, því gangi breytni hans í öfuga átt við kenninguna, er hætt við, að hann verði áhrifalítill á söfnuð sinn. Í stuttu máli: Hann á að vera nokkurskonar faðir safnaðarins, enda er líklega orðið sóknar<u>börn</u> myndað með það fyrir augum.

Það má með sanni segja @ hér sé mikið af prestunum heimtað, þeir séu þó aldrei nema menn, eins og við hinir. En einmitt þenna mælikvarða verður @ leggja á prestinn. Sé hann söfnuði sínum þetta, þá er hann áreiðanlega góður prestur. Sé hann þetta ekki, þá er hann ónýtur verkamaður í sínum víngarði.

Beri menn nú þetta saman við framkomu séra Björns, sést @ hann hefir einmitt verið söfnuði sínum þetta. Breytni hans var fyrirmynd, bæði utan kirkju og innan. Alstaðar ávann



hann sér traust og virðingu þeirra, sem @ kyntust honum. Hversu margar voru ekki þær ferðir, er hann fór, til @ tilkynna dauðsföll, er hinn dáni hafði andast fjarri heimili sínu og hversu mikil huggun var það ekki hinum syrgjandi er hann veitti þeim á sárustu sorgarstundunum. Hversu oft jafnaði hann ekki misklíð milli manna, misklíð, sem var sem neisti, en gat orðið að báli, hefði hann ekki verið slökkvir í tíma. Og hversu ráðhollur var hann ekki þeim, sem til hans leituðu, vitmaðurinn, sem einatt sá ráð, þar sem aðrir voru ráðlausir. Og hversu skemtinn og glaðvær var hann ekki og gætti þó ætíð fullrar kurteisi. Hann var hinn heitasti trúmaður, en þó frjálslyndur og umburðarlyndur í trúmálum, framúrskarandi skyldurækinn við embættisstörf sín, vildi þar ekki vamm sitt vita, fremur en í öðru

Séra Björn var hár maður vexti, en ávalt

heldur gramnleitur. Hann var hinn höfðinglegasti ásýndum og var auðséð að þar fór fyrirmaður. Fáskiftinn vanalega, en þess alúðlegri og skemtilegri, er menn tóku hann tali, alstaðar heima og fylgdist ágæta vel með því, sem gjörðist bæði erlendis og með þjóð vorri. Það má því óhætt segja um hann, að hann væri elskaður og virtur af sóknarbörnum sínum og sást það best við jarðarför hans, sem var hin langfjölmennasta hér um sveit.

Blöndhlíðingar munu því ætíð halda minningu hans í heiðri og hvenær sem þeir heyra góðs manns getið, þá mun þeim koma síra Björn á Miklabæ í hug.

St. Vagnsson

—



# II.
## Heimilisfaðirinn.

—

Starfið er margt.
en eitt er bræðra bandið.

Það eru mörg störfin á heimilunum, störf, sem útheimta elju og ástundun, ekki síst á stærri heimilunum, þar sem þarf eftir mörgu að líta, því venjulega er margt fólk, á slíkum heimilum.

Heimili síra Björns var eitt af stærri heimilunum í þessari sveit. En um leið fyrirmyndarheimili.

Síra Björn var ágætur heimilisfaðir. Það var alkunnugt. Hjá honum fór saman lipurð og verkunnsemi, jafnlyndi og þolinmæði. Þegar allir þessir kostir prýða einn mann, getur ekki öðruvísi verið, en maðurinn sé ágætismaður. Og það var síra Björn.

Fyrstu búskaparár sín var hann fremur fátækur, en útsjón og hyggindi síra Björns þokuðu smámsaman fátæktinni frá og eftir því sem búskaparárin fjölguðu, batnaði efnahagurinn, þrátt fyrir vaxandi ómegð. Þar sannaðist að „Drottinn gefur brauð með barni hverju". Börnin urðu mörg 11 að tölu, sem öll náðu fullorðins aldri og eru enn á lífi.

Eg minnist þess, fyrst þegar eg kom að Miklabæ óframfærinn og feiminn drengur, hvað börnin voru góð við mig; vildu gera mér allt til gleði. Þeirri viðkynningu getur maður ekki gleymt þó aldurinn færist yfir mann.

Allur barnahópurinn á Miklabæ var ágætlega vel upp alinn. Þau áttu líka því láni að fagna, að eiga góða foreldra, sem ólu þau upp í Guðsótta og góðum siðum. Það eru ekki öll börn, sem leggja út á lífsbrautina, með annað eins andans fóður í veganesti eins og



börnin hans sr. Björns á Miklabæ.

Á Miklabæ var margt fólk í heimili því heimilisstörfin voru mikil, bæði utan húss og innan. Það þurfti því eftir mörgu að líta bæði hvað búskapinn snerti og uppeldi barnanna, fyrir utan önnur störf sem sr Björn hafði á hendi, sem voru mikil.

Síra Björn var óvanalega góður heimilisfaðir, sem vinnufólkið bar virðing fyrir, hvað þá börnin hans, sem elskuðu og virtu sinn ágæta föður, enda var hann þeim ástríkur faðir. — Sr. Björn var ekki einn við heimilisstjórnina, því við hlið hans stóð hans ágæta kona, sem studdi hann svo ágætlega við heimilisstjórnina, sem var hvers manns hugljúfi, elskuð og virt af heimilisfólkinu og ekki síst af honum sjálfum.

Frú Guðfinna var og er, eins góð heimilismóðir, eins og sr. Björn var góður

heimilisfaðir. Það var því ekki óeðlilegt þó að vinnufólki þeirra hjóna líkaði vistin vel. Það ~~var~~ var líka lengur en eitt ár í einu hjá þeim hjónum. Sumt jafnvel mjög mörg ár samfleytt. Venjulegast er vinnufólk nú á tímum, ekki mjög fast í vistunum, nema þar sem húsbændurnir virða verkin þess og sýna því vinsemd og vorkunnsemi, með öðrum orðum, eru eins og góðir feður börnum sínum. Og það var sr. Björn — Heimili sr. Björns þótti mjög aðlaðandi; þar var glaðværð og gestrisni með afbrigðum; að sumu leyti samkallað sólskinsheimili. Það var því ætíð ánægja að koma þar, enda komu þar mjög margir. — Það var unun að ræða við sr. Björn, þennan gáfaða og fjölfróða mann, sem öllum veitti eitthvert andlegt fóður, sem hann var svo ríkur af; fyrir utan þær venjulegu góðgerðir, sem á gestrisnisheimilum



tíðkast og húsmóðirin sá svo rausnarlega um. Þaðan fóru gestirnir glaðari en ella, og með meira sólskin í sál sinni, og frið í hjarta — Sólskin og frið, frá sr. Birni.

Heimili sr. Björns var friðsemdarheimili. Það var eins og eitthvert bræðraband tengdi saman allt heimilisfólkið, það var allt eins og ein fjölskylda, húsbændur, börn og vinnuhjú. Slík heimili eru vandfundin.

Séra Björn varð fyrir ~~þanga~~ því mótlæti síðustu árin, að verða blindur; hann varð það árið 1919 En hann bar þennan kross með stakri stillingu og þolinmæði. Þó hann vantaði sjónina var hann sami lipri og ljúfi heimilisfaðirinn, sem allir vita, er nokkuð kynntust honum.

En séra Björn hafði allan sinn aldur skarpa sálarsjón og mér er nær að halda að hann hafi haft skarpari sálarsjón síðustu árin

jafnvel síðustu hérvistardagana.

Hann sá bæði í vöku og svefni inn á sólbjarta sumarlandið. Landið sem hann þráði að komast til, þar sem friður og kærleikur ríkir að eilífu. Hann sá jafnvel lengra. Hann sá inn að hásæti alvalds Guðs, síns himneska föður, sem gaf honum þenna mikla sálarstyrk og andlega sjón, sem veitti honum gleði og frið, í lífi og dauða.

Agnar Baldvinsson.



## III

## Borgaralegur félagsmaður.

—

Ég vil taka það strax fram, að þessi fyrirsögn lofar meiru, en eg býst við að efndirnar verði. Ef rita ætti ítarlega um síra Björn heitinn Jónsson, sem borgaralegan félagsmann, ef t.d. rekja ætti til hlýtar, þó ekki væri nema áhrif hans og starf í þessu sveitarfélagi, til þess mundi þurfa mikla athugun á ýmsu, og mikinn tíma, og það tæki upp margfalt meira rúm, en hér er um að ræða. Hér verður því aðeins drepið á einstöku atriði, í sem styztu máli.

Þegar sr. Björn settist að hér í þessari sveit var hann maður á besta aldri, — í blóma lífsins væri hægt að segja. Hann átti mikla og góða andlega starfskrafta, og má ætla að honum hafi verið hugleikið að nota þá öðrum til gagns og til að hrinda áhugamálum sínum og hug-

sjónum til framkvæmda. Á þeim árum er hann settist hér að, mun mega segja, að alþýðumenning hér í sveit, muni hafa verið á allmikið lægra stigi, en nú er. Norðlensku skólarnir, Hóla og Möðruvalla, voru þá enn í bernsku og aðeins einn einasti maður var þá til í Akrahrepp, sem á skóla hafði gengið, Hér var því gott tækifæri fyrir prestinn, ungan og áhugasaman, að neyta starfskrafta sinna; gott tækifæri til að sá niður frækornum menningar og mentunar. Hann gerði það líka og þau frækorn báru góðan ávöxt.

Séra Björn hefir og það með réttu verið talinn einn af allra lærðustu prestum þessa lands, á sinni tíð. Maðurinn var að eðlisfari mikill vitmaður og mátti teljast stórmentaður orðinn, strax á [illegible] yngri árum sínum — Sveitungar hans fundu það líka fljótt, að þarna var maður, sem bar höfuð og herðar yfir fjöldann, hvað andlega yfirburði snerti, maður, sem hafði bæði vit og vilja til að starfa



að þeim málum, sem þeim mættu til nytsemda verða. Hann ávann sér strax vinsældir og traust sveitunga sinna og þeir fengu virðingu fyrir honum og þessa ~~er~~ naut hann hjá þeim til æfiloka. Það var því ekki nema eðlilegt að þá langaði til að nota hæfileika hans í þarfir sveitarfélagsins, auk embættis hans; það gerðu þeir líka og létu hann gegna trúnaðarstörfum sveitarinnar um all langt skeið. Hann gerði fljótt velferðarmál sveitarinnar að sínum áhugamálum og lét mikið til sín taka um ýms mál innan sveitarinnar; þau er almenningi voru til hagsbóta og menningar.

Séra Björn hafði verið hér búsettur aðeins 1 ár þegar hann vorið 1890 var kosinn í hreppsnefnd, með flestum atkv. af þeim, sem kosnir voru. Og þegar hann hafði endað starfstíma sinn í nefndinni vorið 1896 var hann endurkosinn. Átti þá sæti í nefndinni til vors 1901. en gaf þá ekki kost á sér til endurkosningar. Hafði þá ~~átt~~ setið í nefndinni samfleytt 11 ár.

Vorið 1904 var hann aftur kosinn í hreppsnefnd, og vorið 1907, þegar allar hreppsnefndir á landinu voru leystar frá starfi sínu og kosnar á ný að öllu, var sr. Björn enn endurkosinn, en gekk svo úr nefndinni 1910, eftir hlutkesti. Eftir það gegndi hann ekki hreppsn. störfum, mun ekki hafa gefið kost á sér til þess – enda heilsan farin þá að bila og embættisannir miklar. Hann var því í 17 ár (1890–1901 og 1904–10) í hreppsnefnd, af þeim rúmum 30 árum, sem hann var búsettur hér í sveit. Flest öll þau ár var hann varaoddviti og jafnan í heilbrigðisnefnd og skattanefnd. Öll 17 árin var hann fátækrastjóri; sá um stjórn fátækramála í sveitinni. Voru þá hér í sveit, sérstakl. á fyrri árunum, allmargir þurfamenn, bæði gamalmenni og börn, lét sr. Björn sér afar ant um þeim liði sem best, og að þeim væri komið fyrir á góðum stöðum. og að í því efni væri tekið tillit til vilja þeirra sjálfra, að svo miklu leyti sem hægt væri. Ef því var að skifta,



leit hann ætíð á mál þurfamannanna, frá mannúðarinnar sjónarmiði, fremur en frá fjárhagshliðinni og mundi þó enginn segja, að hann væri ógætinn eða óhygginn fjármálamaður, hvorki fyrir sig eða opinbert fé. Kom þarna fram, eins og í fleiru, mannkærleika og mannúðar andinn, sem ætíð var ríkjandi hjá honum.

Allir samnefndarmenn hans luku upp einum munni um það að samvinnuþýðari mann gæti varla en sr. Björn. og var það auðvitað í beinu samræmi við hina prúðmannlegu framkomu hans í hvívetna. Á opinberum fundum ~~um~~ sveitamál var hann fljótur að átta sig á nauðsyn og gildi hvers máls og munu tillögur hans alla jafna hafa verið mikils metnar og náð fram að ganga.

Heita mátti að það væri á allra fyrstu árunum hans hér, að honum voru falin ýms störf, af hreppsbúum, þau er mikið þótti við liggja að vel yrðu af hendi leyst. Sýnir þetta traust manna á honum strax.

Má þar nefna til dæmis sendiför, er honum var falin, norður í Eyjafj.s. í jan. 1896 til að mæta þar á fundi og semja þar um mál viðkomandi þessum hrepp. Og það annað dæmi, að hann var (í mars 1897) kosinn til að semja um kaup á Silfrastaðafrétt ásamt oddvita hreppsins Sigtr. Jónatanss. og gerði þeir kaupin, en þau voru samþykt á fundi árið eftir (26 mars 1898). Má vafalaust telja það hið mesta happakaup, sem fyrir hreppinn hefir gert verið, hagnaðurinn af því svo að segja ómetanlegur í ýmsu tilliti.

Sr. Björn stýrði jafnan hreppsfundum og mátti segja á tímabili, að hann væri sjálfkjörinn fundarstjóri. Munu fundir hafa farið fram fremur óreglulega áður hann kom hér og kom hann því til leiðar að samdar voru fundarreglur, eftir hans fyrirsögn; voru þær samþyktar á fundi (20/3 1896) og notaðar eftir það. Eins og kunnugt er, var sr. Björn fróðleiksmaður hinn mesti. Hann var fús á að miðla mönnum af fróðleik sínum og þekkingu. Í því skyni hélt hann alloft



fyrirlestra á fundum hér í sveitinni. Oftast voru þeir sögulegs eða trúarlegs efnis. Er það skaði að hann lét ekki fyrirlestra sína koma fyrir almenningssjónir, því margir þeirra voru góðir. Sérstaklega minnist eg tveggja, sem mér þótti ágætir. Annar var fluttur á afar fjölmennum hreppsfundi 15/4 1907 og var um einokunarverslunina hér á landi á 17. og 18. öld, en hinn var um Guðm. biskup góða, fluttur á sama stað nokkrum árum síðar. Ennfr. man eg eftir ágætu erindi um fríkirkju og þjóðkirkju, er hann flutti eitt sinn á lestrarfélagsfundi.

Sr. Björn var annar hvatamaður þess að Lestrarfélag Miklab.sóknar var stofnað 1897. Var síðan ætíð einn af helstu stuðningsmönnum þess, lengi formaður og altaf í stjórn þess, nema allra síðustu árin. Hann sá það vel hvers virði sá félagsskapur gæti verið fyrir almenning, að lestur góðra bóka er menningar meðal; lyftir huganum frá daglegu störfunum og víkkar útsýni andans. Er og ekki vafi á því, að

~~að~~ slíkur félagsskapur hefir mikla þýðingu fyrir sveitirnar.
Vorið 1896 var sr. Björn kosinn formaður búnaðarfélags hreppsins og gegndi hann því starfi um 25 ára bil. Þegar hann tók við stjórn þess, var um mjög litlar jarðabætur að gera hér í sveit, en telja má það að miklu sr. Birni að þakka ásamt meðstjórnendum hans við félagið, að á þessum aldarfjórðungi er hann stýrði félaginu uxu jarðabætur og áhugi fyrir þeim hér í sveitinni að stórmiklum mun. Félagsskapurinn ýtti undir að vekja menn til meðvitundar um nauðsyn jarðabótanna og að þar væri eitt af lífsskilyrðum sveitanna og framtíðar þeirra. Sr. Björn átti góðan þátt í því, sem form. búnaðarfél. og hefir máske verið frumkvöðull þess, að haldin var myndarleg búfjársýning fyrir hreppinn 5. maí 1901 að Stóru Ökrum. Var hann einn í sýningarnefndinni og útvegaði tölverðan styrk til hennar frá Búnaðarfélagi Íslands. Hafa slíkar sýningar vissulega allmikla þýðingu, en eru of sjaldan haldnar.

Síra Björn var sáttamaður alla sína embættistíð hér. Flest þau mál, sem fyrir hann voru lögð



tókst honum að sætta með lipurð og lagni, en þó venjulega svo, að báðir aðilar máttu vel við una. Hvað þetta snerti, mátti segja ~~eitthvað~~ um hann eins og Njála segir um Hall af Síðu, höfðingjanna sáttagjarna „Hann var vitr maðr ok góðgjarn“.

Síra Björn var einn af allra hæstu gjaldendum þessa hrepps í mörg ár. Þegar hann kom að Miklabæ mun fjárhagurinn hafa verið fremur þröngur, en þó barnahópurinn væri stór og mikill tilkostnaður í heimili, tókst honum að koma upp stórbúi á Miklabæ, einu af stærstu búum hreppsins og efnahagurinn varð í besta lagi góður. En hann stóð ekki einn uppi hvað búsýsluna snerti. Hann naut þar aðstoðar sinnar ágætu konu, sem ekki síður en hann, átti þátt í hinni góðu afkomu sem hjá þeim varð. Og hún átti ekki síður en hann þátt í því að gera Miklabæ að fyrirmyndarheimili — að gera garðinn frægan.

Enn skal minnast á eitt atriði. Það var á almennum sveitarfundi 21. mars 1901 að

sr. Björn vakti máls á því hvort hreppsbúum þætti ekki tími til kominn, að byggja fundahús fyrir hreppinn, og benti á hver nauðsyn væri á að fá slíkt hús. Fékk mál þetta litlar undirtektir í það sinn. Er þetta í fyrsta skifti, sem eg veit til að þessu máli hafi verið hreyft hér í sveit. Eftir þetta héldu bæði sr. Björn og ýmsir aðrir, máli þessu vakandi, en varð þó að engu ágengt til framkvæmda og má búast við að svo hefði lengi orðið ef heiðursmaðurinn Símon sál. í Litladal hefði ekki gefið hreppsfélaginu hina rausnarlegu gjöf til fundahússbyggingar á þingstaðnum. Að vísu voru tillögur sr. Björns í fyrstu, um fyrirkomulag hússins, í sumum aukaatriðum, á annan veg en varð; en aðalatriðið, áhugamál hans, var að fá gott samkomu eða funda hús. — Sr. Birni auðnaðist ekki að sjá húsið fullgert. En honum auðnaðist samt að vígja það í samsætinu, sem Símoni í Litladal var haldið vorið 1920 að aflokinni



byggingunni. Tel eg að sr. Björn hafi lagt hyrningarsteina húsbyggingarinnar með því að hreyfa því máli fyrstur og halda því síðan vakandi. Að mál þetta átti góða stuðningsmenn varð beinlínis til þess að húsið komst upp með þeim hætti, sem mönnum er kunnugt. — Í samsætinu hélt sr. Björn vígsluræðuna fyrir húsið og ætla eg að það muni síðasta ræða hans á opinberum mannfundi. Minnist eg þess að mér þótti ræða sú ágæt, ef til vill einhver besta ræðan, sem eg heyrði til hans utan kirkju, og svo mun mörgum hafa þótt. Þó hann væri þá blindur orðinn, sá hann með sjónum andans betur en margir aðrir inn á björt framtíðarlönd þessarar sveitar, sveitarinnar sem honum var orðin svo hjartfólgin. Og hjartnæmar voru blessunaróskirnar sem hann bað húsinu, sveitinni og íbúum hennar. Það héldu fleiri ræður þann dag — úr hópi leikmanna. Má segja að sumir þeirra hafi verið þeir færustu til þess, sem hér var völ á, og margt af því, sem þeir töluðu, var mjög vel sagt.

En þó skaraði sr. Björn þar fram úr. Ekki þó beinlínis hvað orðsnilld snerti, en því meir að andagift og efni ræðunnar.

Þar stóð hann, öldungurinn blindi og bar enn þá höfuð og herðar yfir aðra hvað andlega yfirburði og andlegt útsýni snerti, — alveg eins og hann gerði, þegar hann kom hingað fyrst og gerði alltaf öll þau ár sem hann dvaldi hér. —

Það má telja það gæfu hverrar sveitar, sem eignast slíkan hæfileikamann sem sr. Björn var, og mega njóta starfskrafta hans um langan tíma.

Eg veit að þeir Blöndhlíðingar sem þekktu sr. Björn munu jafnan minnast hans sem yfirburðamannsins, mannsins sem þeir eiga svo mikið að þakka, minnast hans sem leiðtoga síns, til hins góða, á öllum sviðum.

Minning hans mun lifa, ljóst og fögur, — því

„Orðstír deyr aldregi
hveim er sér góðan getr.“

Stefán Jónsson.



# IV.
# Heiðursfélaginn.

—

Þá er nú aftur komið að mér að taka til máls. Mun eg minnast sr. Björns aðallega í sambandi við Prestafélagið en þá mun eg að lokum gefa mér frjálsari hendur.

—

Það var haustið 1889. að eg fékk bréf frá þeim sr. Birni og Sigurjóni bróður mínum, þá bónda í Flatatungu, austur í Suður Þingeyjarsýslu, þess efnis, að þeir biðja mig að koma vestur hingað og vera kennara hér næsta vetur. Eg var orðinn talsvert bundinn við kenslu þar eystra, næstkomandi vetur, en gat þó losað mig svo, að eg skrifaði þeim aftur og lofaði að koma strax úr nýári (1890). Og það varð — eg kom hingað úr nýárinu og byrjaði strax að kenna í Flatatungu, hjá þeim Sigurjóni og Þorkeli bónda.

Þá var það, að eg sá sr. Björn í fyrsta sinn. Hann kom fram á bæina (að húsvitja og var nótt í Flatatungu. Man eg það vel, að um morgunin áður en hann fór af stað kom hann fram í stofu til mín, þar sem eg var að kenna nemendum mínum. Bauð eg honum að dvelja í stofunni yfir eina kenslustund. Og gerði hann það. En samkvæmt dagskránni var komið að minni veikasta „fagi“, en það var íslensk málfræði. En fyrir hvern mun mátti eg ekki láta nemendur mína verða þess vara, að eg hikaði nokkuð frá dagskránni þó prestur væri viðstaddur.

Eg byrja strax kenslu mína og fer að útskýra sagnir. Og gekk það allvel. En þegar tíminn var liðinn, segir presturinn mér: „að sér hefði þótt betra, að eg hefði útskýrt á annan veg eitt atriði í sögnum“ — sem hann tilgreindi. Sagði hann mér svo hvað það var og hvernig hann liti á það. Fann eg strax að það



var réttara og aðgengilegra. En hann leiðbeindi mér með svo viðfeldnum og drengilegum orðum, að mér varð strax vel til hans og fékk undir eins traust á honum. Og þessi velvild og þetta traust hélst hjá mér til dauða sr. Björns — nema hvað það varð enn sterkara og fullkomnara er á leið fram.

Fáir munu þeir vera hér í Miklabæjarsókn af vandalausum mönnum, sem þektu sr. Björn betur en eg. Við vorum oft tveir einir á ferð og töluðum þá um þau mál, sem ekki voru heyrð hversdagslega. T. d. töluðum við mikið um eilífðarmálin. Sagði eg honum þar þær skoðanir mínar, sem eg hefi engum öðrum presti sagt. Mér fanst ávalt eg vera að tala við kæran bróður, en þó um leið lærðan og gáfaðan mann — Hann varð mér strax heiðursfélagi á lífsvegi mínum og mér fanst heiður og vegsemd

ofinlega að vera í návist hans. Hann var einn af þeim fáu mönnum, sem var gróði og gleði að kynnast.

Einu sinni þegar eg var að koma á heimili hans, kom dálítið atvik fyrir sem hryggði mig. Eg gleymi því aldrei hvað hann var þá góður við mig. Hann gekk með mér langa stund þar úti um túnið og hughreysti mig á þann hátt, sem enginn annar hefir gert — Þetta dæmi leyfi eg mér að leiða fram, til þess að vitna um manngæsku hans, sem mér fanst vera tryggur förunautur hans.

— — —

Það var haustið 1895, sem eg stofnaði lestrarfélag Silfrastaðasóknar. Þegar sr. Björn vissi það, bað hann um upptöku í félagið, af einberum félagsskap, en ekki af því að um auðugan garð væri að velja. Var hann sannarlega góður heiðursfélagi í þeim hóp.



Á 1. vetrardag 1896, kom út blaðið „Morgunstjarnan", sem var lestrarfélagsblað Silfrastaðasóknar. Var eg ritstjóri þess. Í þetta blað ritaði sr. Björn. Ekki komu út nema tveir árgangar af blaðinu: 14 blöð fyrra árið en 7 blöð seinna árið. Árið 1897, í maí, leystist lestrarfélagið upp, aðallega vegna þess að eg fluttist burt úr sókninni, og fór í Miklabæjarsókn. Þá hætti Morgunstjarnan að koma út. Þá um haustið 1897 stofnuðum við sr. Björn lestrarfélag Miklabæjarsóknar, í nóvember — 23 okt. 1898 var rætt um á lestrarfél. fundi á Miklabæ, að gefa út [illegible] nýtt blað. Varð þar samþykt að gefa út blað, sem skyldi vera „lestrarfél. blað í Miklabæjarsókn", og mér falið að sjá um útgáfu þess og nafn blaðsins. Þá var það, að 1. blað „Viljans" kom út 5. nóvember 1898.

Bæði þessi lestrarfélög, og bæði þessi blöð styrkti sr. Björn. Hann vildi styrkja og hafa

þáttöku í öllu því, sem hann áleit vera til þess, að lyfta anda mannsins frá hinu jarð-bundna. Hann vildi gleðja og örfa alla viðleitni til hins sanna, fagra og góða í lífinu. Hann elskaði bjartsýnið, og vildi leiða inn ljós og yl í hverja sál. En hann amaðist við öllum sleggjudómum, lágum og spiltum hugsunarhætti og meiddri sómatilfinningu. Þess vegna var honum umhugað um, að blaðið „Viljinn“ væri laus við klúryrði og persónu-eltingar. Og mér fanst hann vera lífið og sálin í Lestrarfélaginu, enda hafa félags-menn virt það og viljað sýna honum sæmd, með því að gera hann að <u>heiðursfélaga</u> sínum, 8. Jan. 1921.

Þá höfum við nú minst hins góða og virðulega sóknarprests okkar. Prestsins, sem vann öll verk sín í trú og kærleika-



Heimilisföðursins, sem gladdi og fræddi gesti sína, og var í öllu prýði heimilis síns. Borg-arafélagans, sem ávalt vildi gott af sér leiða út á við í hvaða félagsskap sem var. Og loks heiðursfélagans, sem stofnaði og studdi manna best lestrarfélagið okkar.

Við minnumst hans allir, með einlægum huga, lausir við hræsni og vanhugsaðan orða-upp tíning. Því hér vorum við að minnast þess manns, sem við sameiginlega virtum og höfðum mikið að þakka. Vona eg að les-endur „Viljans“ virði verk okkar hér á betra veg.

--- Og nú að lokum, langar mig til að varpa nokkrum orðum á minningu hins látna vinar.

Eg hefi aldrei nokkurntíma þekt, hjá nokkrum manni, jafn einfalt líf og hjá síra Birni. Aldrei hreinna hugsana-líf. Aldrei fann maður dramb eða stórlæti

hjá honum. Aldrei miklaðist hann yfir lærdómi sínum, eða gerði minna úr öðrum, en til ~~stór~~. Af því hann var alveg laus við hroka og mikilmensku. En þegar hann hélt fram skoðun sinni, eða vildi láta aðra njóta lærdóms síns, og verða fyrir áhrifum sínum — þá talaði hann eins og sá, sem vald hefir. Mælskumaður var hann þó ekki — honum var fremur stirt um mál —, en orð hans komu öll frá hjartanu. Og það sem kemur frá hjartanu, nær til hjartnanna. — Bjartsýni hans var víðtæk og æfinlega bjart í kringum hann. Hann sá himnana opna og dýrð Guðs skína í almætti sínu. Hann hélt dauðahaldi í klæðafald Jesú síns. Og sál hans fyltist fögnuði og sælu á banadegi. Og hann hefir getað fylgst með skáldinu og sagt:



„Eg bjart lít blika ský
á banadegi;
rödd heyri eg þar í:
‚Minn elskulegi'!
Þá skyggir dauðans ský
á lífsins blóma,
mig enginn ótti slær,
mér einn er Jesú nær
í lífsins ljóma".

Og nú opnast skýið fyrir anda mínum, og eg sé fylkingarnar friðar með pálmaviðargreinarnar.

Eg sé hann, sem eg er að minnast nú, í skínandi hvítum klæðum, bíðandi með útbreiddan faðminn eftir ástvinunum sínum.

Hann bendir mér á fylkinguna friðar, og er sem hann mæli:

„Sjá þann hinn mikla
flokk sem fjöll,
er fjötsett grafa í
skrúði af mjöll,
hið prúða lið, sem
pálma við
fyrir hástól heldur á."

Baldvin B. Bárðdal.